

FUNDARBOÐ: 47. AÐALFUNDUR

BFÍ BYGGINGAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Aðalfundur BFÍ verður haldinn þann
30. apríl kl. 17:30, í samkomusal VFÍ, Engjateigi 9

Allir byggingafræðingar eru hvattir til að mæta og láta hagsmuni
starfsstéttar okkar sig varða.

Fundardagskrá aðalfundar

- Fundur settur
- Kosning fundarstjóra og skipun fundarritara
- Ávarp formanns og skýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda og vinnuhópa
- Reikningskil
- Nýjar *Reglur um mat á umsóknum um leyfi til að kalla sig byggingafræðing* kynntar
- Önnur mál
- Umræður
- Kjör nýrrar félagsstjórnar og endurskoðenda
- Ákvörðun félagsgjalda
- Farið yfir niðurstöður fundar
- Fundarslit
- Veitingar í föstu og fljótandi formi.

Fráfarandi stjórn

Formaður: Brynjar Einarsson

Varaformaður: Andri Már Reynisson
(hefur setið hjá síðan í desember)

Gjaldkeri: Rúnar Ingi Guðjónsson

Ritari: Friðrik Weisshapel

Meðstjórnandi: Atli Davíð Smáráson

Meðstjórnandi: Sigurður Ólafsson
(jafnframt tengiliður stjórnar í Danmörku)

Varamaður: Lena Margrét Aradóttir
(jafnframt framkvæmdastjóri síðan 01.12.'14)

Tillögur að nýrri stjórn

Formaður: Brynjar Einarsson

Aðrir stjórnarmeðlimir:
Rúnar Ingi Guðjónsson (gjaldkeri)

Stefanía Helga Pálmarsdóttir

Stefán Þór Steindórsson

Sverrir Hermann Pálmarsson

(Andri Már Reynisson)

Varamaður: Ásgerður Hafdís Hafsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri: Lena Margrét Aradóttir

Tengiliður í DK: Sigurður Ólafsson

Fréttayfirlit

- Upplýsingar um félagatal BFÍ
- Framkvæmdastjóri BFÍ tekinn til starfa
- Umhverfsvænni samskipti við félagsmenn
- Reglur um mat á umsóknum um leyfi til að kalla sig byggingafræðing
- Siðanefnd BFÍ skipuð í fyrsta sinn
- Krafa um gæðastjórnunarkerfi tekur gildi
- Haustfagnaður BFÍ 2014
- Kynning á byggingafræðinámi í HR
- Mannvirkjastofnun gefur út skoðanahandbækur um yfirferð hönnunargagna
- Byggingaráðstefna Norðurlandanna haldin í Reykjavík 2015

Félagatal

Á síðasta starfsári var nýjum áfanga náð í sögu félagsins og þykir nú tilefni til að fagna því að hingað til hafi yfir fjögur hundruð byggingafræðingar verið skráðir félagar frá stofnun BFÍ, árið 1968.

Á líðandi starfsári bárust alls 29 umsóknir um leyfi til að kalla sig byggingafræðing. Tveir umsækjendur þóttu ekki uppfylla þær námskröfur sem talið er þurfa til að hljóta löggildingu starfsheitisins, en það þykir óvenjulegt. Ítarlegur rökstuðningur fyrir niðurstöðunum var sendur Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þegar mælt var gegn því að umsóknirnar væru samþykktar. Aðrar umsóknir voru samþykktar án athugasemda.

Félagatal BFÍ tekur nú yfir 413 skráningar í heildina. Til gamans má geta að af þeim eru 31 kona (7,5%) en hlutfall þeirra hækkar smátt og smátt. Virkir félagar sem rukkaðir eru um félagsgjöld eru nú samtals 298 en aðrar skráningar skiptast í eftirfarandi:

Félagar búsettir erlendis: 33 (6 falla einnig í aðra flokka)
Aukafélagar (í námi): 0
Nýir félagar (á frígjaldi fyrsta árið): 27
Stjórnarmeðlimir: 7
Heiðursfélagar (67+): 30
Látgir: 10
Óvirkir (formleg úrsögn)*: 14

*Við formlega úrsögn helst skráning inni í félagatali en hún gerð óvirk og félagsmaður tekinn af póstlista félagsins. Við þetta missir viðkomandi atkvæðisrétt og möguleikann á að sitja í stjórn eða nefndum á vegum félagsins.

Löggildingar

Í félagaskránni kemur fram að 14 félagar hafi ekki enn hlotið löggildingu starfsheitisins. Það varðar hagsmuni allra byggingafræðinga að þeir sem starfi sem slíkir hafi hlotið löggildingu og hvetur stjórn félagsins því alla útskrifaða byggingafræðinga til að sækja sér hana. (Athugið að einhverjar þessara ólögildu aðila gætu hafa sótt um en eiga einfaldlega eftir að sækja leyfisbréfið. Það þarf að gera til að löggilding taki fullt gildi.) Á heimasíðu Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins má sjá skrá yfir byggingafræðinga sem hlotið hafa löggildingu hér á landi.

Sjá: <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/verkefni/leyfisveitingar/nafnalistar/nr/6688>.

Upplýsingar um félagsmenn

Nýverið var farið ítarlega yfir félagaskrána og unnið að því að safna saman nýjum heimilisföngum, símanúmerum og netföngum félagsmanna en þó vantar enn stóran hluta þess síðastnefnda. Einn mikilvægast þykir okkur að hafa netföngin til að senda út fundarboð og félagsbréf, en fárra annarra pósta má vænta frá félaginu. Netföngin koma aldrei til með að vera áframsend til þriðja aðila eða notuð í öðrum tilgangi en þeim er varðar hagsmuni byggingafræðinga og BFÍ.

Félagsbréf þetta hefur nú verið sent á öll netföng sem fram koma í félagaskrá BFÍ. Hafi einhver félagsmaður ekki mótttekið tölvupóstinn er sá hinn sami hvattur til að senda fullt nafn og heimilisfang á bfi@bfi.is svo bæta megi netfanginu á póstlistann. Félagaskráin hefur þar að auki verið uppfærð á heimasíðu félagsins, bfi.is, svo félagsmenn geti farið yfir skráninguna sína og haft samband ef einhverju þarf að breyta. Stjórnumerktir eru með óskráð netföng.

Framkvæmdastjóri BFÍ tekinn til starfa

Á síðasta starfsári kom á stjórnarfundi upp sú hugmynd að félagið réði til sín starfsmann til að sinna hinum ýmsu verkefnum fyrir hönd félagsins. Stjórnarstörf hafa hingað til verið unnin sem sjálfboðavinna sitjandi stjórnarmeðlima en eftir því sem verkefnum fjölgar þótti eðlilegast að fá ábyrgðaraðila með fastan vinnutíma til að sinna þeim. Brýn mál sem farin voru að dragast vegna anna kölluðu á það að þessari hugmynd var loks hrint í framkvæmd í lok síðasta árs og var samið um ráðningu framkvæmdastjóra til reynslu. Var Lena Margrét Aradóttir fengin til að taka stöðuna að sér tímabundið, en hún hefur setið í stjórn félagsins síðan árið 2013.

Framkvæmdastjórastaðan felur í sér fjölbreytt verkefni s.s. utanumhald félagaskrár og samskiptamiðla á vegum félagsins svo og birting fréttu og tilkynninga á þeim, skipulagning ráðstefna, umræðufunda og mánaðarlegra stjórnarfunda og útgáfa fundargerða. Framkvæmdastjóri sér enn fremur um helstu samskipti við félagsmenn, fyrirtæki og opinberar stofnanir og svarar þeim fyrirspurnum sem berast ýmist á tölvupósti eða í síma (sjá fastan símatíma að neðan).

Er það mat stjórnarinnar að þessi ákvörðun hafi í för með sér óyggjandi kosti og sé nú þegar farin að skila sér í því að erindum félagsins sé bæði sinnt hraðar og betur en áður.

Netfang: lena@bfi.is

Símanúmer: 697-7100

Símatími: Þriðjudaga og fimmtudaga milli kl. 10-12

Hátíðisdagar og sumartími undanskilinn (sumarfrí auglýst síðar)

Umhverfissvænni samskipti við félagsmenn

Í takt við tímenn hefur stjórn BFÍ ákveðið að takmarka pappírnotkun og taka upp umhverfissvænni samskiptahætti. Öll samskipti fara nú þegar meira og minna fram í gegnum tölvupóst svo og á heimasíðu og fésbókarsíðu félagsins þar sem birtar eru fréttir og aðrar tilkynningar til félagsmanna.

Á síðasta starfsári voru greiðsluseðlar aðeins sendir í rafrænu formi og verður því haldið áfram.

Umsóknir um leyfi til að kalla sig byggingafræðing (ásamt prófskírteinum og öðrum fylgiskjöllum) hafa hingað til verið áframsendar frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, hvoru tveggja í bréfpósti, og tölvupósti. Hefur nú komist á samkomulag um að einungis verði notast við tölvupóst héðan af.

Þar sem allar helstu fréttir og tilkynningar eru gerðar aðgengilegar félagsmönnum á bæði heimasíðu og fésbókarsíðu félagsins, þykir ekki þörf á að gefa út fleiri en eitt eða tvö félagsbréf/fréttabréf á ári. Þau verða gefin út á rafrænu formi héðan í frá, send í tölvupósti beint til félagsmanna og einnig gerð aðgengileg á hinum samskiptamiðlum félagsins. Sá kostnaður sem sparast við að senda út fréttabréf með aðalfundarboði verður varið í að kaupa auglýsingar í dagblöð og/eða útlarp með fundarboðinu.

Reglur um mat á umsóknum um leyfi til að kalla sig byggingafræðing

Byggingafræðingafélag Íslands er löggildur umsagnaraðili um umsóknir um leyfi til að kalla sig byggingafræðing sem fara í gegnum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (sbr. ákvæði 3. gr. laga um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996 og athugasemd í frumvarpi að þeim lögum).

Stjórn BFÍ hefur nú í samstarfi við ráðuneytið unnið að því að semja nýjar reglur um mat á umsóknum um leyfi til að kalla sig byggingafræðing. Í þeim koma fram þau skilyrði sem uppfylla þarf til að mega nota starfsheitið og hvert ferli umsókna sem berast ráðuneytinu er. Réð stjórn BFÍ til sín lögmanninn Braga Dór Hafþórsson í þeim tilgangi að fylgjast með framgangi mála í samskiptum við ráðuneytið og reglugerðina. Hefur það komið sér vel hingað til að hafa hann með okkur í liði til að vera viss um að allt fari rétt fram og að réttur okkar sé vel varinn í alla staði.

Til viðbótar við reglur þessar verður gefin út greinagerð þar sem fram kemur m.a. umfjöllun um löggildinguna, sögulegan bakgrunn félagsins og starfsemi þess, sem og verklagsreglur stjórnar er kemur að umsöknum um umsóknir um löggildingu starfsheitisins. Er þessi greinagerð gefin út til rökstuðnings lögverndunar starfsheitisins í þeim tilgangi að styrkja stöðu okkar byggingafræðinga enn fremur lagalega.

Drögum að hvoru tveggja hefur verið komið fyrir á heimasíðu félagsins undir tenglinum *Lög og reglur*. Félagsmenn hafa frest fram að aðalfundi þann 30. apríl til að koma með athugasemdir, þær berist í tölvupósti á netfangið bfi@bfi.is.

Siðanefnd BFÍ skipuð í fyrsta sinn

Í kjölfar þess að kæra barst stjórninni vegna meintra brota á siðareglum var siðanefnd skipuð í fyrsta sinn á vegum BFÍ. Óskað var eftir áhugasömum félagsmönnum á fésbókarsíðu og heimasíðu félagsins og höfðu þó nokkrir aðilar samband vegna þessa. Í desember kom nefndin fyrst saman, en hana skipa Gunnar Fannberg Gunnarsson, Róbert Andri Reynisson og Kristinn Jónsson, Ellert Kristófer Schram.

Samkvæmt siðareglum félagsins skal nefndin vera kosin á aðalfundum félagsins, til þriggja ára í senn og mun þessi kosning fara fram á næsta aðalfundi. Verði nefndin samþykkt eins og hún er, mun hún starfa óbreytt til ársins 2018, nema nefndarmaður segi af sér. Í siðareglum segir eftirfarandi um nefndina:

7.2. Siðanefnd skal skipuð þremur félagsmönnum sem aðalmönnum og einum til vara kosnum á aðalfundi BFÍ til þriggja ára í senn. Nefndin skiptir með sér verkum. Stjórn BFÍ setur nefndinni málsmeðferðarreglur þar sem gætt skal jafnræðis aðila sem og annarra almennra reglna um réttláta málsmeðferð. BFÍ ber kostnað af störfum nefndarinnar, þar með talið af löglærðum ritara nefndarinnar, ef við á.

7.3.1. Siðanefnd tekur einungis afstöðu til þess hvort byggingafræðingur hafi gerst brotlegur við siðareglurnar eða ekki og hvort brot telst ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt. Sé ágreiningur um málsatvik, sem úrskurð óhjákvæmilega verður að reisa á, skal vísa máli frá.

7.3.2. Siðanefnd getur þegar um alvarlegt eða mjög alvarlegt brot er að ræða mælt með að hinn brotlegi greiði kostnað vegna málsins.

7.4. Siðanefnd sendir niðurstöður sínar til stjórnar BFÍ, sem kynnir niðurstöður fyrir félagsmönnum í málagnni félagsins eða á aðalfundi, allt eftir alvarleika málsins.

Krafa um gæðastjórnunarkerfi tekur gildi

Þann 1. janúar tók gildi krafa um gæðastjórnunarkerfi hönnuða, hönnunar-stjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara sbr. 4.6.1, 4.8.1 og 4.10.2 gr. Byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Sjá einnig ákvæði 24., 31. og 32. gr. laga um mannvirki. Allir aðilar sem skrá á sig byggingarleyfisskyld verk eftir þann tíma skulu hafa tilkynnt og skráð gæðastjórnunarkerfi sitt hjá Mannvirkjastofnun og fengið það samþykkt, annars vegar með vottun frá faggildri vottunarstofu ellegar úttekt a hendi stofnunarinnar sjálfar.

Mannvirkjastofnun og Samtök Iðnaðarins stóðu fyrir nokkrum kynningarfundum um innleiðingu gæðastjórnunarkerfa í byggingariðnaði á síðasta ári en stjórn BFÍ stóð einnig fyrir sambærilegum fundi fyrir félagsmenn sína þann 7. nóvember. Í samstarfi við Mannvirkjastofnun og Frumherja var á fundinum fjallað um gerðir gæðakerfa, hvernig úttekt þeirra fer fram og ástæður þess að krafa sé gerð um slíkt. Fór fundurinn vel fram en síðan hafa einhverjar fyrirspurnir borist frá félagsmönnum hvort haldnar verði fleiri slíkar kynningar. Hugmynd kom fram um að haldinn yrði opinn vinnuhópur/fundur þar sem sett yrði upp gæðakerfi undir leiðsögn og gæti því sem út úr fundinum kæmi verið dreift áðram til félagsmanna. Var vel tekið í hugmyndina en sökum fjölda annarra brýnni mála á dagskrá félagsins hefur henni verið frestað fram á næsta starfsár.

Haustfagnaður BFÍ 2014

Árlegur haustfögnuður félagsins var haldinn þann 18. október í sal Verkfræðingafélagsins á neðstu hæðinni að Engjateigi 9. Vel var mætt á viðburðinn en sýnileg aukning hefur verið í fjölda gesta á milli ára síðustu misserin. Að venju var kvöldið endurgjaldslaust fyrir byggingafræðinga.

Hin stórskemmtilega hljómsveit Hundur í óskilum sá um skemmtiatriði og voru léttar veitingar og veigar í boði. Þótti skemmtunin gríðarlega vel heppnuð í alla staði.



Kynning á byggingafræðinámi í HR

Stjórn BFÍ fór fyrr á árinu í heimsókn í Háskólann í Reykjavík og fékk þar kynningu á byggingafræðináminu sem nú er þar í boði. Helsti munurinn á náminu sem þar er í boði og því sem áður hefur helst verið sótt til Danmerkur, er sá að því er tvískipt. Fyrri hlutinn er 90 eininga nám sem kennt er með námsbraut í byggingariðnfræði en sá seinni 120 eininga verkefnamiðað nám, líkt og þekkt úti.



Fengu stjórnarmeðlimir að sitja kynningu á vinnu fyrstu fjögurra viknanna í náminu hjá nemum á fyrstu önn, sem er sambærileg þeirri fjórðu í byggingafræðináminu í Danmörku. Eins fengum við að skoða veggspjöld með kynningum nema á annarri önn. Þótti áhugavert að sjá margt kunnuglegt við framsetninguna og áherslurnar sem minnti á námið úti, nema nú með íslenskar aðstæður í huga.

Að kynningunni lokinni var haldinn óformlegur hádegisfundur með nokkrum leiðbeinendum deildarinnar og þökkum við þeim góðar móttökur og áhugaverða kynningu á starfinu sem þar fer fram.

Mannvirkjastofnun gefur út skoðanahandbækur um yfirferð hönnunargagna

Mannvirkjastofnun er um þessar mundir að vinna að gerð skoðunarhandbóka um yfirferð hönnunargagna. Hefur fulltrúi BFÍ setið nokkra fundi með MVS og AÍ þar sem farið er yfir innihald skoðunarhandbókanna og þær skoðaðar m.a. með hliðsjón af hagsmunum byggingafræðinga. Markmiðið með gerð og notkun skoðunarhandbóka er að tryggja samræmda meðferð mála meðal allra leyfisveitenda og skoðunarstofa ásamt því að gefa þeim aðilum sem til skoðunar eru, kost á því að sjá fyrirfram hvernig eftirliti er háttað.

Mannvirkjastofnun gefur út skoðunarhandbækur um yfirferð hönnunargagna og um úttektir leyfisveitenda og skoðunarstofa á byggingarframkvæmdum. Niðurstöður skoðana skulu skráðar í skoðunarskýrslur sem Mannvirkjastofnun gefur einnig út. Að auki gefur Mannvirkjastofnun út gátlista/eyðublöð sem innihalda þau atriði sem skoðuð eru. Skoðunarhandbækur, gátlistar og eyðublöð fyrir skoðunarskýrslur verða vistaðar og aðgengilegar öllum á heimasíðu Mannvirkjastofnunar, mvs.is. Útfylltir gátlistar og skoðunarskýrslur mynda hluta af gagnasafni Mannvirkjastofnunar.

Hönnuðir, hönnunarstjórar, byggingarstjórar og iðnmeistarar skulu vista útfyllta gátlista og skoðunarskýrslur frá skoðunarstofu eða leyfisveitanda í sínu gæðastjórnunarkerfi og sýna með notkun þeirra fram á að yfirferð eigin vinnu hafi farið fram í hverju því verki sem þeir taka að sér. Þannig mynda þessi skjöl hluta af verkbókhalda í gæðastjórnunarkerfi þeirra.

Staðlaðar athugasemdir verða gefnar út af Mannvirkjastofnun í samráði við þá aðila sem framkvæma skoðanir. Skoðunarstofum og leyfisveitendum ber að nota þessar athugasemdir en markmiðið er að gæta jafnræðis milli þeirra aðila sem eru til skoðunar ásamt því að auðvelda bæði tölfraði og yfirlit yfir frammistöðu. Athugasemdir hafa mismikið vægi og eru flokkaðar í þrjá flokka. Athugasemd í flokki 1 er lítilvæg, í flokki 2 miðlungs en athugasemd í flokki 3 er talin alvarleg athugasemd.

Mannvirkjastofnun mun nota niðurstöður skoðana og úttekta sem fram koma í skoðunarskýrslum til þess að uppfylla eftirlitsskyldu sína með starfsemi hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara.

Byggingaráðstefna Norðurlandanna haldin í Reykjavík 2015

Byggingaráðstefna Norðurlandanna (e. Nordisk Byggsymposium) er óformlegt samstarfsverkefni fagfélaga sem tengjast byggingariðnaði á Norðurlöndunum. Í dag eru félög í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Noregi og Færeyjum fastir þátttakendur í viðburðinum, ásamt Byggingafræðingafélagi Íslands (BFÍ) sem bættist nýlega í félagsskapinn. Ráðstefnan hefur verið haldin árlega síðustu áratugi og skiptast félögin á að halda hana í sínu heimalandi. Verkefnið skapar góðan grundvöll til samstarfs og auðveldar fagfélögunum að fylgjast með þróun byggingarmála á öðrum Norðurlöndum. Á ráðstefnunni kynna fulltrúar félaganna ýmis málefni sem tengjast byggingaiðnaði í þeirra heimalandi s.s. menntamál, lög- og reglugerðir, veðurálag á byggingar, brunakröfur o..fl. en hefð hefur einnig skapast fyrir því að gestgjafarnir kynni sérstaklega áhugaverða starfsemi, framkvæmdir eða byggingu í heimalandinu og skipuleggi til þess vettvangs- og/eða skoðunarferðir fyrir ráðstefnugesti.



Nánar um ráðstefnuna má lesa hér: <http://nordiskbyggsymposium.org>

BFÍ hóf þátttöku í verkefninu árið 2013 en þá var ráðstefnan haldin í Helsinki. Í fyrra var hún haldin í Oslo, en þetta árið hefur BFÍ tekið að sér skipulagningu ráðstefnunnar þar sem hún verður nú í fyrsta sinn haldin í Reykjavík, helgina 4.-6. september. Stjórn félagsins vinnur nú að því að setja saman dagskrá fyrir hópinn sem áætlað er að telji um 30 manns. Þykir okkur mikilvægt að fjalla sérstaklega um tækniframfarir í hönnun og mannvirkjagerð hér á landi og eins að kynna sérstöðu okkar í byggingarframkvæmdum og orkunýtingu sem þróast hefur m.a. vegna landslags og veðurfars hér á landi. Nú þegar hefur verið samið um kynningar á starfsemi HS Orku og framkvæmdum við fangelsið á Hólmsheiði. Þar að auki er stefnt er að því að fá kynningu á notkun upplýsingalíkana í framkvæmdum hér á landi og verið er að skipuleggja skoðunarferð og kynningu á hönnun og framkvæmd tónlistarhússins Hörpu. Allar ábendingar að dagskrárliðum eru vel þegnar. Þær má senda í tölvupósti á bfi@bfi.is.